



16. stjórnarfundur LH

Haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 18. september 2017 kl. 18:30

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga B. Helgadóttir ritari, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Andrea M. Þorvaldsdóttir.

Mættir úr varastjórn: Ingimar Ingimarsson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Ármannsson, S. Rúnar Bragason.

Fjarverandi: Eyþór Jón Gíslason aðalstjórn, Haukur Baldvinsson aðaltjórn, Magnús Benediktsson varastjórn.

Gestir: Sigurður Ævarsson formaður keppnisnefndar LH, Þórir Örn Grétarsson keppnisnefnd LH, Óðinn Elísson formaður laganefndar LH og Sigurður Guðmundsson laganefnd LH, Hilda Karen Garðarsdóttir og Hjörný Snorradóttir starfsmenn skrifstofu LH.

Ath: fundurinn samþykkti að færa samþykktir fundargerða aftar sökum dagskrárliðar sem þurfti að tímasetja kl. 18:30.

1. Metumsókn frá Fákí (formaður keppnisnefndar, Sigurður Ævarsson og formaður laganefndar Óðinn Elísson ásamt Sigurði Guðmundssyni laganefnd)

Aðalástæður þess að keppnisnefnd sá sér ekki fært að samþykkja metið, voru þær að a) það var ekki vindmælir á staðnum og b) tímatökubúnaður var ekki tengdur við tölvu. Nefndin tók sér góðan tíma til að skoða gögn og ræða metumsóknina. Ekki var einhugur í nefndinni vegna málsins og einu séráliti var skilað samhliða niðurstöðu nefndarinnar.

Laganefnd bendir á misræmi í reglum LH og FEIF. Þarf að leggja vinnu í að samræma og jafnvel einfalda og laga orðalag. Þarf að samræma það hvaða vindhraði telst innan marka og hvaða skilyrði móthaldari, völlum og aðstæður þurfa að uppfylla. Ekki er gerð krafa um vindmæli í reglum LH en í reglum FEIF er talað um að það „should be“ vindmælir, sem sagt ekki sterk kvöð.

AMP: stjórn hefur leyfi til að skerpa á reglum milli þinga. Ömurlegt að knapi fái ekki met staðfest vegna brotalama í okkar reglum.

Niðurstaða umræðunnar er sú að það þarf að fara yfir FIPO og LH, þýða vel og yfirfara í heild. Keppnisnefnd verði falið að gera tillögur að breytingum á reglum og laganefnd fari yfir þær tillögur.

AMP biður um að bókað verði að hún standi við sína ákvörðun um að samþykkja metið hans Konráðs Vals.

JDB biður um sömu bókun um að hún standi við sína fyrri ákvörðun um að samþykkja metið.

HBH biður einnig um sömu bókun, að hún samþykki metumsóknina.

Einnig var rætt bréf frá Hirti Bergstað um þetta metamál þar sem Fákur biður um rökstuðning og vísun í þær reglur sem talað er um í bréfi stjórnar LH til Konráðs þegar metinu var hafnað.

Lárus, Helga og Ingimar koma með tillögu til stjórnar að bréfi til að svara þessu.

2. Sýnum karakter – kynning, Hjörný

Hjörný kynnti stuttlega vinnufund sem hún sat á vegum verkefnisins. www.synumkarakter.is.



Verkefnið er magnað og vefurinn mjög nytsamlegur. Hvetja þarf hestamenn til að nýta sér þetta verkefni. Kynna á formannafundi.

3. **LH – TV minnisblað (Hjörný Snorradóttir)**

HS fór yfir LH TV og framtíð þess. Mjög góð kynning og jákvæðar umræður. Skoða þarf málið nánar og HS heldur áfram utan um verkefnið.

4. **Fundargerð 14. og 15. lagðar fram**

Fundargerð 15. samþykkt. Fundargerð 14. fundar verður send aftur á stjórnarmenn ásamt fylgiskjölum til samþykktar.

5. **Formannafundur LH**

Farið var yfir drög að dagskrá sem komin er. Lítur vel út og haldið verður áfram með undirbúninginn og fljótlega gefin út dagskrá.

6. **Kynning á rannsóknum á Landsmóti 2016 – Ingibjörg**

Ingibjörg Sigurðardóttir annar höfunda skýrslunnar kynnti rannsókn sem gerð var á LM 2016. Viðamesta viðburðarannsókn á Íslandi sem gerð hefur verið. Teymið samanstendur af 11 manna alþjóðlegu teymi sem koma frá fjórum löndum (Íslandi, Bretlandi, Svíþjóð og Noregur). Meginmarkmið að rannsaka Landsmót sem viðburð og afla upplýsinga til að hjálpa til við þróun viðburðarins og standa fyrir rannsóknum á Hólum. Allra hagur að vinna verkefni sem þetta. Fyrstu drög að rafrænni bók í október.

7. **Landsliðsnefnd (nýr formaður)**

Formaður landsliðsnefndar hefur óskað eftir því að stíga til hliðar. Stjórn heldur áfram að leita að kandi til að sinna formennsku í þessari mikilvægu nefnd sambandsins.

8. **Starfsáætlun LH 2017-2018**

Góðar umræður um starf vetrarins, næg verkefni framundan. Ákveðið var að hafa staðfundir á þriggja vikna fresti, frá og með þessum fundi. Skype fundir verða haldnir inn á milli ef þurfa þykir.

9. **Umsókn í IGEQ**

Árgjald: 17.000 kr á ári. Samþykkt.

10. **Þjálfarastigin**

Góðar fréttir að þetta mál er komið í gegn og samþykkt hjá LH og ÍSí. Sveinn Ragnarsson hefur unnið að þessu máli fyrir hönd LH og mun kynna þetta nánar fyrir stjórn síðar.

11. **Málþing um úrbætur í reiðvegamálum**

Gengur vel að undirbúa málþingið sem haldið verður í Menntaskólans í Borgarfirði 14. október n.k.

12. **Önnur mál**

- a. **SM: Íþróttasjóður ÍSí** – hestamannafélag hefur aldrei fengið styrk úr sjóðnum. Félög hafa sótt um í sjóðinn en ekki hlotið styrk, þrátt fyrir að hafa uppfyllt öll skilyrði. Hestamannafélagið Kópur sótti til að mynd um og fékk það svar að þau hafi ekki hlotið



styrk, vegna þess að félagið sé ekki skilgreint sem íþrótt- og æskulýðsfélag. Samþykkt var að fela skrifstofu að senda bréf til ÍSÍ og spyrja hversu oft hestamannafélag hefur hlotið styrki úr sjóðnum.

- b. **AMP: Þingskjöl frá landsþingi 2016** – það á eftir að setja samþykktir frá síðasta landsþingi inn í lög og reglur. Þarf að athuga hvers vegna það er. Skrifstofa athugar málið og upplýsir stjórn.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið um 22:30.

Fundargerð ritaði: Hilda Karen Garðarsdóttir.